



## Aflamark Byggðastofnunar Samkomulag um aukna byggðafestu á Breiðdalsvík

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á allt að 400 þorskigildistonna Aflamarks Byggðastofnunar fiskveiðíarin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 í því skyni að treysta byggðafestu. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila. dags. 27. maí 2024, sem er fylgiskjal með samningi þessum og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 25. júní 2024.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki
- Goðaborg ehf., kt. 630913-1280, Sæbergi 15, 760 Breiðdalsvík
- Gullrún ehf., kt. 560312-1210, Sæbergi 15, 760 Breiðdalsvík

### 1. Markmið

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í byggðarlaginu. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, þ.e.a.s. að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í byggðarlaginu.

### 2. Samningstími og árangursmat

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíarin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030. Í lok hvers fiskveiðíárs skulu samningsaðilar gera Byggðastofnun grein fyrir framgangi verkefnisins á nýliðnu fiskveiðíári og hvort árangursviðmið hafi náðst, á því formi sem stofnunin óskar. Við lok samningstímans verður lagt mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir.

### 3. Fyrirvari um magn

Samningurinn er gerður með fyrirvara um það magn sem ráðherra ákværðar með reglugerð skv. 10. gr. a. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sbr. 3. gr. sömu laga til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

### 4. Fjöldi starfa, vinnslumagn og áhrif á atvinnulíf og samfélag

Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda, vinna það magn, auk annars mótfamlags, og sinna þeim jákvæðu áhrifum á atvinnulíf og samfélag sem fram koma í umsókn þeirra.

### 5. Samstarf aðila

Samstarfsaðilar Byggðastofnunar skulu gera með sér samkomulag um veiðar og vinnslu, sem er fylgiskjal með samningi þessum, og tekur m.a. á skiptingu Aflamarks Byggðastofnunar á milli aðila, mótfamlag hvers aðila og verðviðmiðun í uppgöri milli veiða og vinnslu. Undirrituðu afriti samkomulags skal skila til Byggðastofnunar og eru skil á því forsenda úthlutunar aflamarks samkvæmt samningi þessum.



## 6. Framsal aflamarks

Framsal aflamarks sem er úthlutað samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Samningsaðilar skulu gera grein fyrir öllum slíkum skiptum og/eða vistunarsamningum þannig að ljóst sé með samanburði við gögn Fiskistofu hvernig umsamið Aflamark skilar sér til veiða og vinnslu samkvæmt samningi þessum.

## 7. Breytingar á högum

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Forsvarsmenn samningsaðila skulu tilkynna stofnuninni um breytingar á eignarhaldi samningsaðila og bera ábyrgð á því að eignarhald félaga samningsaðila sé í samræmi við lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum.

## 8. Eftirlit

Vegna eftirlits með framkvæmd samnings er Byggðastofnun m.a. nauðsynlegt að fá aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni Fiskistofu. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 veita samningsaðilar samnings þessa um aukna byggðafestu (Aflamark Byggðastofnunar), Byggðastofnun hér með umboð til að fá þær upplýsingar úr gagnagrunni Fiskistofu, auk upplýsinga frá öðrum yfirvöldum, þar með talið skattyfirvöldum, sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlits með samningi þessum á því formi sem sérfræðingar hennar og viðkomandi stofnana koma sér saman um.

## 9. Samningsbrot

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðar nr. 643/2016 verið brotin sbr. 9. greinar hennar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða auk afturköllunar úthlutunar. Sé úthlutað Aflamark Byggðastofnunar nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða áðurnefndri reglugerð skal útgerðar útgerðaraðili skila sama magni aflamarks aftur til Byggðastofnunar.

## 10. Umsýslugjald

Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 14. gr. laga um Byggðastofnun er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar. Gjaldið ákværðast **að lágmarki** 20 vinnustundir samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar hverju sinni og er innheimt við úthlutun hvers fiskveiðíárs. Verði umsýsla vegna samningsins verulega umfangsmeiri á tímabilinu verða fleiri vinnustundir innheimtar samkvæmt tímaskýrslum starfsmanna og gjaldskrá hverju sinni. Gjalddagi umsýslugjalds er 1. september ár hvert á samningstímabilinu og eindagi 15 dögum síðar.

## 11. Birting samnings

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

## 12. Gildistími samnings

Samningurinn gildir frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2030 og fellur þá úr gildi án sérstakrar tilkynningar samningsaðila.



Breiðalsvík 30. september 2024

**Samningurinn er undirritaður með rafrænum hætti**

---

f.h. Byggðastofnunar  
Arnar Már Elíasson

---

f.h. Goðaborgar ehf.  
Elís Pétur Elísson

---

f.h. Gullrúnar ehf.  
Elís Pétur Elísson